# Álfhólsskóli

## Skólaráðsfundur

| **FUNDARGERÐ** | Tilefni fundar<br>Skólaráð | | |
|---|---|---|---|
| Dags. fundar | Tími | Staður | Nr. fundar |
| 04.04.2018 | (08:10 – 9:30) | Inn af bókasafni | 5 |
| Fundarboðandi | Fundarritari | Fundarstjóri | Fj. bls. |
| Sigrún B. | Hildigunnur | Sigrún B. | 2 |

Boðaðir voru:

Sigrún Bjarnadóttir, Ágústa Magnea Jónsdóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Hildigunnur Jónsdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Guðmundur Jónsson, Elísabet Stefánsdóttir, Helga Fanney Þorbjarnardóttir, Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir, Dagmar Vala Hjörleifsdóttir, Guðgeir Ingi Steindórsson..

Mættir voru:

Sigrún Bjarnadóttir, Ágústa Magnea Jónsdóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Hildigunnur Jónsdóttir, Guðmundur Jónsson, Helga Fanney Þorbjarnardóttir, Karen Ýr Sigurbjörnsdóttir, Dagmar Vala Hjörleifsdóttir.

Málefni

Dagskrá:

1. Stefnumótunardagur
2. Skólamenningaráætlun
3. Skólaslit
4. Önnur mál

| **Málefni** | **Niðurstaða** |
|---|---|
| 1. Stefnumótunardagur | Verður 20. apríl og hugmyndin er að vinna með læsi. |
| 2. Skólamenningaráætlun „Öll sem eitt“ | Álfhólsskóli hefur verið að keyra eftir áætlun sem heitir Saman í sátt. Nú eru skólastjórnendur að úrfæra nýja skólamenningaráætlun.<br><br>Reynt verður að leggja meiri áherslu á forvarnir og jákvæðan skólabrag.<br><br>Merkja þarf öryggissvæði betur á skólalóðunum og auka gæslu. Það eiga vera vikulegir bekkjarfundir í öllum árgöngum.<br><br>Áherlan verður á lærdómssamfélag þar sem nemendur og kennarar læra saman, aukin liðsheild og sameiginleg ábyrgð. Aukin teymiskennsla. Aukið samvinnunám hjá nemendum, nemendur bera sameiginlega ábyrgð á sínum verkefnum. |

| | |
|---|---|
| | Við ætlum að verða lífsleikniskóli.  Skólamenningaráætlun er þá hluti af þeirri áætlun að verða lífsleikniskóli.  Sjálfsmynd og seigla eru rauði þráðurinn í þessu.<br><br>Við munum athuga árangur með skólamenningarkönnunum og rýnihópum. Búið verður til lausnarteymi sem hægt er að leyta til og fá aðstoð vegna hegðunarvanda o.fl.. |
| 3. Skólaslit | Samþykkt að 7. júní verður sameiginleg skólaslit og vorhátíð. Dagskrá með skemmtiatriðum og síðan farið út í leiki. Vonast er til að fleiri foreldrar taki þátt í deginum. |
| 4. Önnur mál | Hljóabraut „pumptrack" var kosinn í Kópavogsbæ og þessa braut á að setja upp nú í apríl við skólalóð Digranesmegin. Skólalóðin við Digranes verður síðan tekin öll í heild þegar byggingu skólahljómsveitar verður lokið eftir eitt ár.  Það þarf að taka umræðu með kennurum á yngsta stigi um hvaða leiktæki verða valin.<br><br>Nemandi í skólaráði nefnir að sumir nemendur eiga erfitt með að lesa upphátt og séu hræddir við það. Nemendur þurfa aukna þjálfum í því að koma fram og kynna eða lesa upphátt.<br><br>Stór árgangur byrja í fyrsta bekk næsta vetur, 70 nemendur eru þegar búnir að skrá sig. |